

Fjársýsla ríkisins
09 103

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Fjársýsla ríkisins
kt. 540269-7509
Vegmúla 3, 108 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjársýsla ríkisins er ríkisaðili í A-hluta. Starfsemi stofnunarinnar er að annast fjárreiður ríkissjóðs á grundvelli ákvæða í lögum um opinber fjármál.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 05 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 2.201,8 milljónir og afkoma kr. 2,7 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 122,7 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 572,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjársýslu ríkisins í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjársýslu ríkisins fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Ingbór Karl Eiríksson,
fjársýslustjóri

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	2.042.700.000	1.963.600.000
Seld þjónusta	3	93.468.345	134.153.884
Framlög og ýmsar tekjur	4	0	1.371.917
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	65.679.375	54.111.989
Tekjur samtals		2.201.847.720	2.153.237.790
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.003.073.064	977.147.090
Annar rekstrarkostnaður	6	1.130.309.052	1.166.981.360
Afskriftir og niðurfærslur	7	65.679.375	54.111.989
Gjöld samtals		2.199.061.491	2.198.240.439
Afkoma fyrir fjármagnsliði		2.786.229	(45.002.649)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(41.405)	(17.797)
		(41.405)	(17.797)
Afkoma ársins		2.744.824	(45.020.446)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	8	<u>234.751.748</u>	<u>197.550.320</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		<u>26.699.828</u>	<u>31.279.788</u>
Fastafjármunir samtals		<u>261.451.576</u>	<u>228.830.108</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		1.302.530	2.491.000
Tengdir aðilar	10	274.462.493	341.215.446
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	11	<u>34.746.600</u>	<u>23.433.450</u>
Veltufjármunir samtals		<u>310.511.623</u>	<u>367.139.896</u>
Eignir samtals		<u>571.963.199</u>	<u>595.970.004</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		<u>122.676.349</u>	<u>119.931.525</u>
Eigið fé samtals		<u>122.676.349</u>	<u>119.931.525</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	109.540	418.173
Viðskiptaskuldir		20.183.816	75.390.349
Ýmsar skammtímaskuldir	13	117.790.420	105.796.508
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	<u>311.203.074</u>	<u>294.433.449</u>
Skuldir samtals		<u>449.286.850</u>	<u>476.038.479</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>571.963.199</u>	<u>595.970.004</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		2.744.824	(45.020.446)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	65.679.375	54.111.989
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(65.679.375)	(54.111.989)
		<u>2.744.824</u>	<u>(45.020.446)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(10.124.680)	(1.531.486)
Tengdir aðilar		50.592.477	32.893.495
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		(43.212.621)	13.658.437
		<u>(2.744.824)</u>	<u>45.020.446</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð óefnislegra eigna		(92.719.621)	(56.047.314)
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(5.581.222)	(8.305.012)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		249.000	10.000
		<u>(98.051.843)</u>	<u>(64.342.326)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Tengdir aðilar		15.851.843	0
Fjárfestingarframlag		82.200.000	64.342.326
		<u>98.051.843</u>	<u>64.342.326</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			
		<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísbending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Skýringar

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður 3-10 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluþegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	2.042.700.000	1.963.600.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	65.679.375	54.111.989
	<u>2.108.379.375</u>	<u>2.017.711.989</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.963.000.000	0	0	1.963.000.000
Fjáraukalög	40.000.000	0	0	40.000.000
Millifært úr varasjóð	39.700.000	0	0	39.700.000
Fjárveiting til tekna	2.042.700.000	0	0	2.042.700.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(2.039.955.176)	0	0	(2.039.955.176)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	2.744.824	0	0	2.744.824

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Verksala	38.661.800	25.800.250
Kostnaðarhlutdeild	50.139.979	104.880.159
Mötuneyti starfsmanna	3.319.566	2.768.475
Fræðslustarfsemi og fundir	1.347.000	705.000
	<u>93.468.345</u>	<u>134.153.884</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	0	1.371.917
	<u>0</u>	<u>1.371.917</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	800.739.792	780.551.144
Orlof, breyting	11.970.037	13.706.545
Launatengd gjöld	179.836.141	174.913.540
Starfsmannakostnaður	10.527.094	7.975.861
	<u>1.003.073.064</u>	<u>977.147.090</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	82,2	84,0

Skýringar

	2021	2020
6 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	832.301	900.435
Byggingarvörur, almennar	(11.555)	141.199
Tæki og búnaður til innréttinga	0	16.185
Ýmis tæki og áhöld	2.720.004	1.862.491
Varahlutir og viðhaldsvörur	81.903	149.745
Orkugjafar	2.587.337	2.563.012
Matvæli	8.400.962	7.583.504
Ýmsar sérgreindar vörur	114.010	164.727
Almennar rekstrarvörur	643.858	844.107
Vörukaup, almenn	15.368.820	14.225.405
Fundir, námskeið, risna	5.420.126	3.549.764
Ferðir, uppihald	179.100	834.339
Akstur	812.100	851.221
Sérfræðiþjónusta	837.205.447	872.368.141
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	56.530	42.871
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	1.436.399	630.343
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.044.760	3.542.387
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	847.154.462	881.819.066
Afnotagjöld	144.416.212	150.231.242
Leigugjöld	99.415.577	95.403.042
Notkun véla og flutningatækja	63.013	134.250
Verkkaup	13.632.369	13.512.377
Kostnaðarhlutdeild	9.926.200	11.296.000
Áhættutap og bætur	0	4.990
Tryggingar, lögboðnar	69.492	42.450
Opinber gjöld	52.867	142.538
Tilfærslur	210.040	170.000
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	267.785.770	270.936.889
Annar rekstrarkostnaður samtals	1.130.309.052	1.166.981.360
7 Afskriftir og niðurfærslur		
Áhöld, tæki og búnaður	9.713.903	10.283.687
Sölutap og úreltar eignir	447.279	130.775
Niðurfærsla óefnislegra eigna	55.518.193	43.697.527
	65.679.375	54.111.989

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
8 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	234.751.748	197.550.320
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2021		286.130.755
Viðbætur á árinu		92.719.621
		<u>378.850.376</u>
Niðurfært 01.01.2021		88.580.435
Niðurfærsla ársins		55.518.193
		<u>144.098.628</u>
Staða 31.12.2021		<u>234.751.748</u>
	31.12.2021	31.12.2020
9 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	26.699.828	31.279.788
	<u>26.699.828</u>	<u>31.279.788</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:		
		Áhöld, tæki og búnaður
Staða 01.01.2021		79.283.734
Viðbætur á árinu		5.581.222
Selt/úrelt á árinu		(25.633.986)
		<u>59.230.970</u>
Afskriftir 01.01.2021		48.003.946
Afskrift ársins		9.713.903
Selt/úrelt á árinu		(24.739.428)
		<u>32.978.421</u>
Staða 31.12.2021		<u>26.252.549</u>
	31.12.2021	31.12.2020
10 Tengdir aðilar		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
<i>Kröfur á tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð	249.665.771	281.374.843
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	24.796.722	59.840.603
	<u>274.462.493</u>	<u>341.215.446</u>
<i>Skuldir við tengda aðila:</i>		
Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	109.540	418.173
	<u>109.540</u>	<u>418.173</u>

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

11 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	34.746.600	23.433.450
	<u>34.746.600</u>	<u>23.433.450</u>

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	119.931.525	164.951.880
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	0	91
Afkoma ársins	2.744.824	(45.020.446)
Jöfnuður 31.12.	<u>122.676.349</u>	<u>119.931.525</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	117.673.428	105.703.391
Önnur ógreidd gjöld	116.992	93.117
	<u>117.790.420</u>	<u>105.796.508</u>

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

31.12.2021 31.12.2020

Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	261.451.576	228.830.108
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga, ófnislegar eignir	31.919.612	51.939.233
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga, varanlegir rekstrarfjármunir	17.831.886	13.664.108
	<u>311.203.074</u>	<u>294.433.449</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	228.830.108	65.603.341	294.433.449
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	82.200.000	82.200.000
Söluhagnaður/ söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	0	249.000	249.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	5.581.222	(5.581.222)	0
Fjárfesting í ófnislegum eignum	92.719.621	(92.719.621)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(65.679.375)	0	(65.679.375)
	<u>261.451.576</u>	<u>49.751.498</u>	<u>311.203.074</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 80 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

Skýringar

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Fjársýslan hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til ársloka 2027, þjónustusamninga um rekstur hugbúnaðarkerfa til næstu ára auk annara samninga. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema kr. 103,4 milljón, vegna reksturs hugbúnaðarkerfa kr. 996,7 milljónum og vegna annara samninga kr. 29,3 milljónum.

Fjársýslan mun flytja í nýtt húsnæði í Katrínartúni 6 í árslok 2022. Fjármála- og efnahagsráðuneytið tekur yfir núverandi samning við Ríkiseignir (Reginn). Fjársýslan tekur við nýjum húsaleigusamningi samhliða flutningi í Katrínartún. Gert er ráð fyrir að áætluð leiga lækki við breytinguna.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.